



Borgarráð

**Samkomulag um verklag og forgangsröðun við kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur**

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar ohf. um kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur.

Greinargerð:

Um er að ræða samkomulag sem byggir á eldra samkomulagi frá 2017 um verklag við kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur. Um samstarf Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar ohf. er að ræða. Markmiðið og forgangsröðunin er annars vegar að þétta núverandi öryggismyndavélakerfi í miðborginni og hins vegar stækkun á núverandi kerfi í tengslum við stækkun miðborgarinnar síðustu ár og þess sem framundan er.

Hlutverk Reykjavíkurborgar er að kaupa öryggismyndavélar til uppsetningar í Reykjavík í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs, hvort sem um er að ræða nýjar myndavélar eða endurnýjun á eldri vélum, og telst eigandi öryggismyndavélanna. Reykjavíkurborg greiðir jafnframt fyrir nauðsynlegan hugbúnað á löggæslumyndavélum og greiðir fyrir uppfærslur á honum. Reykjavíkurborg skal gæta þess að öryggismyndavélarnar séu vel merktar með viðvörðunum um rafræna vöktun í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglur settar samkvæmt þeim.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Samkomulag um verklag og forgangsröðun við kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur

Fylgiskjal nr. 1 með samkomulaginu.

Samkomulag frá janúar 2017 um verklag við kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur

# Samkomulag

## um verklag og forgangsröðun við kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur

**Inngangur:** Reykjavíkurborg, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóri og Neyðarlínan ohf. gera með sér svohljóðandi samkomulag við kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur. Markmiðið og forgangsröðunin er annars vegar að þetta núverandi öryggismyndavélakerfi í miðborginni og hins vegar stækkun á núverandi kerfi í tengslum við stækkun miðborgarinnar síðustu ár og þess sem framundan er. Ávallt skal miðað við að öryggismyndavélakerfinu og/eða einstökum öryggismyndavélum sé eingöngu ætlað að þjóna þörfum lögreglu og annarra neyðaraðila og fer notkun þess og aðgangur að gögnum úr kerfinu samkvæmt reglum lögreglu og Persónuverndar. Aðilar samkomulagsins bera sjálfir sinn kostnað vegna hlutverks síns eins og nánar er lýst í samkomulagi þessu. Berist beiðni um uppsetningu öryggismyndavéla í þeim tilgangi sem samkomulag þetta nær yfir, annars staðar en í miðborginni skal leitað umsagna aðila þessa samkomulags.

### 1. gr.

**Hlutverk Reykjavíkurborgar:** Reykjavíkurborg kaupir öryggismyndavélar til uppsetningar í Reykjavík í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs, hvort sem um er að ræða nýjar myndavélar eða endurnýjun á eldri vélum, og telst eigandi öryggismyndavélanna. Reykjavíkurborg greiðir jafnframt fyrir nauðsynlegan hugbúnað á löggæslumyndavélum og greiðir fyrir uppfærslur á honum. Sé staðsetning öryggismyndavélar með þeim hætti að unnt er að setja hana inn á tengipunkta (innra net) Reykjavíkurborgar, svo sem ef hún er staðsett á byggingu í eigu Reykjavíkurborgar, skal það gert óski Neyðarlínan eftir því. Reykjavíkurborg skal gæta þess að öryggismyndavélarnar séu vel merktar með viðvörðunum um rafræna vöktun í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglur settar samkvæmt þeim. Reykjavíkurborg skal ekki hafa aðgang að upptökum úr myndavélunum.

### 2. gr.

**Hlutverk lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu:** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu útvegar og ber kostnað af búnaði vegna móttöku á merkjum úr öryggismyndavélum, hefur ein aðgang að gögnunum, annast vöktun á myndefninu og tekur ákvörðun um aðgang annarra neyðaraðila að myndefni að upptökum og í rauntíma. Lögreglan ákveður staðsetningu myndavélanna og gerð á hverjum stað í samráði við Reykjavíkurborg og Neyðarlínuna.

### 3. gr.

**Hlutverk ríkislögreglustjóra:** Ríkislögreglustjóri annast vörslu og eftir atvikum eyðingu og aðgang á upptökum úr löggæslumyndavélum samkvæmt gildandi reglum og fyrirmælum Persónuverndar.

### 4. gr.

**Hlutverk Neyðarlínunnar ohf.:** Neyðarlínan ber ábyrgð á og kostnað af öllum samskiptum og samningum við eigendur fasteigna vegna uppsetninga á myndavélum á svæðinu sem samkomulag þetta tekur til og skulu samningar um slíka aðstöðu gerðir í nafni Neyðarlínunnar. Neyðarlínan annast og ber allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi öryggismyndavéla innan samnings þessa. Jafnframt ber Neyðarlínan ábyrgð á flutningi, stofnkostnaði og rekstri merkis frá myndavélunum í endabúnað

lögreglunnar. Neyðarlínan ber kostnað af og ábyrgð á að útvega ljósleiðarasamband hjá fjarskiptafyrirtæki til að flytja merki frá myndavélunum í endabúnað lögreglu.

#### 5. gr.

Ábyrgðaraðilar vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt samkomulagi þessu, þ.e. lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóri, bera ábyrgð á því að skyldur þeirra sem kveðið er á um í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við vinnsluna séu uppfylltar, þ.m.t. að framkvæmt sé mat á áhrifum á persónuvernd, sbr. 29. gr. laganna, ef við á.

#### 6. gr.

**Verkefnastjórn:** Verkefnastjórn á verkefninu í innleiðingu og viðhaldsrekstri er í höndum Neyðarlínunnar ohf. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Ríkislögreglustjóri tilnefna sína fulltrúa í verkefnastjórn og fulltrúi Reykjavíkurborgar er tilnefndur af þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Neyðarlínan getur tilnefnt nýjan verkefnastjóra á samningstímanum með skriflegri tilkynningu til aðila samningsins. Aðilar samnings geta tilnefnt nýja tengiliði á samningstímanum með skriflegri tilkynningu til aðila samningsins.

#### 7. gr.

**Gildistaka og gildistími:** Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og gildir í fimm ár.

Samkomulag þetta kemur í stað fyrra samkomulags aðila um sama verkefni. Myndavélar sem settar voru upp sem hluti af því samkomulagi falla undir samkomulag þetta.

Reykjavík, \_\_\_ / \_\_\_ 2023

*F.h. Reykjavíkurborgar*

*F.h. Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu*

*F.h. Ríkislögreglustjóra*

*F.h. Neyðarlínunnar ohf.*

**From:** [Ásgeir Þór Ásgeirsson](#)  
**To:** [Þorsteinn Gunnarsson](#)  
**Subject:** FW: rökstuðningur fyrir myndavélum  
**Date:** mánudagur, 6. mars 2023 11:04:15  
**Attachments:** [image001.png](#)  
[image008.png](#)  
[image010.png](#)  
[image012.png](#)  
[image014.png](#)  
[image016.png](#)  
[image018.png](#)

## Rökstuðningur fyrir myndavélum í miðborginni

Töluverð uppbygging hefur verið í miðborginni sl. ár, frá því að síðustu myndavélar voru settar upp fyrir nokkrum árum og þörf á að þetta netið og koma upp fleiri myndavélum sem og myndavélum sem lesa bílnúmer.

Í maí nk. verður haldinn leiðtogafundur Evrópuráðsins og er athafnasvæðið miðborg Reykjavíkur. Er þetta er ritað hafa staðfest komu sína 53 þjóðarleiðtogar auk fylgdarliðs og margir þeirra með hátt öryggisstig. Þá fylgir slíkum viðburði stór hópur af erlendu fjölmiðlafólki og mikill fjöldi gesta mun sækja miðborgina þessa daga í maí. Það er því mjög mikilvægt að auka öryggisvitund fólks þessa daga í maí með sýnilegum myndavélum.

Reynsla erlendis frá er að mjög oft hefur komið til harðra mótmæla með tilheyrandi hópamyndum í nágrenni við fundarstað með tilheyrandi hættu fyrir aðra borgara.

Ætla má að áhættumat RLS verði hækkað í hæsta stig dagana á undan og meðan á fundi stendur og því mikilvægt að setja upp myndavélar í þau göt sem við teljum að þurfi að fylla upp í.

### Ásgeir Þór Ásgeirsson

Aðstoðarlögreglustjóri  
Löggæslusvið

[asgeir.thor@lrh.is](mailto:asgeir.thor@lrh.is)



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

### Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115  
105 Reykjavík

[lrh@lrh.is](mailto:lrh@lrh.is)

[4441000](tel:4441000)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

r en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

# Samkomulag

um verklag við kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur.

**Inngangur:** Reykjavíkurborg, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Neyðarlínan ohf. gera með sér svohljóðandi samkomulag um verklag við kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur. Öryggismyndavélakerfið er eingöngu ætlað að þjóna þörfum lögreglu og annarra neyðaraðila og fer um notkun þess og aðgang að gögnum úr kerfinu samkvæmt reglum lögreglu og Persónuverndar. Aðilar samkomulagsins bera sjálfir sinn kostnað vegna hlutverks síns samkvæmt þessu samkomulagi.

## 1. gr.

**Hlutverk Reykjavíkurborgar:** Reykjavíkurborg kaupir öryggismyndavélar til uppsetningar í Reykjavík og telst eigandi öryggismyndavélanna. Reykjavíkurborg hlutast til um að útvega ljósleiðarasambönd hjá Gagnaveitu Reykjavíkur til að flytja merki frá myndavélunum í endabúnað lögreglunnar. Reykjavíkurborg skal gæta þess að öryggismyndavélarnar séu vel merktar með viðvörðunum um rafræna vöktun í samræmi við lög um persónuvernd.

## 2. gr.

**Hlutverk lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu:** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu útvegar búnað vegna móttöku á merkjum úr öryggismyndavélunum, upptökubúnað og annast vörslur á upptökum samkvæmt gildandi reglum og fyrirmælum Persónuverndar. Lögreglan annast vöktun á myndefninu og tekur ákvörðun um aðgang annarra neyðaraðila að myndefni í rauntíma. Lögreglan ákveður staðsetningu myndavélanna og gerð á hverjum stað í samráði við Reykjavíkurborg og Neyðarlínuna.

## 3. gr.

**Hlutverk Neyðarlínunnar ohf.:** Neyðarlínan ber ábyrgð á öllum samskiptum og samningum við eigendur fasteigna vegna uppsetninga á myndavélum á svæðinu og eru samningar um slíka aðstöðu gerðir í nafni Neyðarlínu. Neyðarlínan annast uppsetningu og viðhald á öryggismyndavélum innan samnings þessa. Jafnframt ber Neyðarlínan ábyrgð á flutningi merkis frá myndavélunum í endabúnað lögreglunnar.

## 4. gr.

**Gildistaka og gildistími:** Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og gildir í þrjú ár. Að þeim tíma liðnum framlengist gildistími þess um eitt ár í senn nema einhver aðila samkomulagsins óski eftir endurskoðun þess. Skal það gert með sannarlegum hætti þrjátíu dögum fyrir lok gildistímans.

Samkomulag þetta kemur í stað fyrra samkomulags aðila um sama verkefni. Myndavélar sem settar voru upp sem hluti af því samkomulagi falla undir samkomulag þetta.

Reykjavík, janúar 2017

Reykjavíkurborg

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Neyðarlínan ohf.

